

Ed.

48. Breytingartillaga

[30. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Alfreð Gíslasyni, lækni.

Aftan við 4. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Á eftir 22. gr. laganna komi 4 nýjar greinar, þannig:

1. (23. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
2. (24. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.
3. (25. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.
4. (26. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.